

Samþykktir

Fyrir almannavarnanefnd Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður stendur að samþykktum þessum um starfrækslu almannavarna í sveitarfélaginu

I. kafli

Umboð og hlutverk

1. gr.

Almannavarnarnefnd Hornafjarðar er starfrækt af sveitarfélagi Hornafjarðar og fer í umboði sveitarfélagsins með málefni almannavarna skv. lögum nr. 82/2008, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

2. gr.

Almannavarnanefnd skipa eftirtaldir fulltrúar:

Þrír fulltrúar sveitarfélagsins, lögreglustjórinn á Suðurlandi, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Suðurlandi staðsettur á Höfn, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita, fulltrúi Rauða krossins, og þeir aðilar sem nefndin kallar til samstarfs.

Áheyrnarfulltrúar eru:

Bæjarstjóri eigi hann ekki sæti í nefndinni.

Yfirlögregluþjónn lögreglunnar á Suðurlandi og verkefnastjóri almannavarna á Suðurlandi

3. gr.

Á fyrsta fundi sveitarstjórna að loknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa fulltrúa sveitarfélagsins í almannavarnarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga fulltrúa til vara. Skal einn fulltrúi frá sveitarfélaginu að jafnaði vera framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði á fundum almannavarnarnefndar.

4. gr.

Almannavarnarnefnd starfar á grundvelli laga og reglugerðar um almannavarnir og er hlutverk nefndarinnar að:

1. Móta stefnu og skipuleggja starf sitt í samræmi við lög um almannavarnir.
2. Kanna áfallaþol, gera hættumat og áhættugreiningar og endurskoða þær
3. Búa til viðbragðsáætlanir skv. neðangreindum lista í samráði við lögreglustjóra og prófa þær.
 - a. Skipulagningu aðgerða.
 - b. Viðbúnað viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla og útbúnað og stjórnsluviðbúnað.
 - c. Samgöngur og fjarskipti.
 - d. Framkvæmd ráðstafana á hættustundu.
 - e. Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
 - f. Áfallahjálp og aðstoð við þolendur.
 - g. Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landi.
4. Skipa fulltrúa í aðgerðastjórn.
5. Eiga samstarf við þjónustumiðstöð almannavarna þegar hún er sett upp í umdæminu.
6. Gera tillögu til lögreglustjóra um að kalla beri íbúa til borgaralegra starfa í samræmi við 19. gr. laga um almannavarnir.

**skv. 32. gr. Samþykktar um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að, "meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella" og fer með fullnaðarákvörðun bæjarstjórnar skv. 311 fundi bæjarstjórnar.*

Þessum markmiðum verður náð t.d. með samstarfssamningi við svæðisstjórn björgunarsveita eða björgunarsveitir á svæði nefndarinnar, við Rauða kross deildir á svæði nefndarinnar, sem og aðra sem nefndin kallar til samstarfs.

Í kjölfar atburða getur almannavarnarnefnd óskað eftir skýrslum frá viðbragðsaðilum og sveitarstjórn þar sem farið væri yfir þá reynslu sem draga má af atburðinum.

II. kafli Fundir og starfshættir

6. gr.

Lögreglustjóri boðar til fyrsta fundar í upphafi nýs kjörtímabils. Lögreglustjóri stýrir fyrsta fundi í upphafi kjörtímabils þar til formaður hefur verið kosinn. Á sama fundi skal einnig kjósa varaformann.

7. gr.

Formaður ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum almannavarnarnefndar sé hrint í framkvæmd. Hann sér til að fundir séu skipulagðir og undirbúnir.

8. gr.

Formaður sé til að fundir séu boðaðir í samráði við lögreglustjóra. Almennavarnarnefnd heldur fundi eftir því sem tilefni eru til en þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Vorfund skal halda í fyrsta ársfjórðungi og haustfund í þriðja ársfjórðungi. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti fulltrúa æskir þess.

9. gr.

Rita skal fundargerðir í sérstaka fundargerðabók eða tölvuskrá þær skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Allir viðstaddir skulu undirrita fundargerðina.

III. Kafli Markmið og verkaskipting

10. gr.

Markmiðið með starfi almannavarnarnefndar er að styrkja og efla almannavarnir í sveitarfélaginu. Aðilar skulu leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir og vinna á vegum almannavarnarnefndar skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar þeim að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa.

11. gr.

Almannavarnarnefnd skal fylgjast með þróun almannavarnamála í sveitarfélaginu eins og kostur er og gera tillögur til úrbóta auk beinna aðgerða á grundvelli ákvæða þessa samþykktta.

Almannavarnarnefnd skal leitast við að hafa samstarf við sérfróða aðila á sviði almannavarnamála eftir því sem þörf krefur hverju sinni og hafa umsjón með aðgerðum í almannavarnamálum í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki og samtök.

**skv. 32. gr. Samþykktar um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að, "meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella" og fer með fullnaðarákvörðun bæjarstjórnar skv. 311 fundi bæjarstjórnar.*

V. Kafli
Gildistaka

16. gr.

Samþykktir þessar byggjast á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Samþykktir þessar voru samþykktar í almannavarnarnefnd þann 24. maí 2023.

Samþykkt í bæjarráði* 13. júlí 2023.

Sigurjón Andrésson bærstjóri

**skv. 32. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að, "meðan bærstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bærstjórn hefur ella" og fer með fullnaðarákvörðun bærstjórnar skv. 311 fundi bærstjórnar.*